

Mál nr.. 5/2009

Próttur gegn Haukum

Kæra Próttar Dómkröfur

Krafa gerð að leikur KÞ og Hauka í 2. flokki verði dæmdur Haukum tapaður 0-3.

Málavextir

Í leik Hauka/ÍH gegn Þrótti R. í 2.fl. karla notuðu Haukar ólöglegan leikmann þ.e Ingi Hrafn Traustason leikmann Álftanes.

Röksemdir

Haukar/ÍH notfærðu sér ólöglegan leikmann í umræddum leik og með því brotið gegn lögum KSÍ. Próttur fer fram á að Haukar/ÍH verði dæmt brotlegt og dæmt ósigur 0-3.

Sönnunargögn

1. Leikskýrsla
2. Félagsmannaskrá KSÍ

Vitni

Nafn: Þorsteinn Halldórsson, þjálfari 2.fl. Próttar

Virðingarfyllst f.h. Próttar
Grétar Jónasson

Greingarerð frá Haukum

Engin greinargerð barst

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2009, þriðjudaginn 30. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímanssyni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurði I. Halldórssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2009:

Knattspyrnufélagið Próttur
gegn
Knattspyrnufélaginu Haukum

Gögn málsins liggja frammi.

Nr. 1. Kæra, ásamt fylgiskjöllum, móttokin á skrifstofu KSÍ 12. júní 2009

Nr. 2. Svar kærða, móttekið á skrifstofu KSÍ, 22. júní 2009 með tölvupósti.

Nr. 3. Félagaskiptabeiðni, dags. 14. febrúar 2008 og keppnisleyfi dags. 23. febrúar 2008, fyrir Inga Hrafn Traustason, kt. 101091-2019, úr Haukum í Álftanes.

Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:
Nafn: Knattspyrnufélagið Þróttur
Kennitala: 550783-0299
Heimilisfang: Engjavegi 7
Póstnúmer: Reykjavík
Símanúmer: 580-5907
Netfang: asiv@throttur.is
Fyrirsvarsmaður: Grétar Jónasson, kt: 310866-4749

Kærði:

Nafn: Knattspyrnufélagið Haukar
Kennitala: 700387-2839
Heimilisfang: Íþróttamiðstöðin Ásvöllum
Póstnúmer: 221 Hafnarfjörður
Símanúmer: 525-8705
Netfang: gudbjorg@haukar.is;
Fyrirsvarsmaður: Ingvar Magnússon, form. meistaraflokksráðs karla.

Mál þetta er móttakið á skrifstofu KSÍ 12. júní 2009. Kærða var gefinn frestur til að skila greinargerð til 22. júní 2009. Tölvupóstur barst frá kærða þann dag. KSÍ sendi kærða viðbótargögn um félagaskiptabeiðni og keppnisleyfi fyrir Inga Hrafn Traustason og gaf kærða sólarhringsfrest til þess að bregðast við gögnunum. Ekkert svar barst frá kærða og hefur KSÍ staðfest að gögnin bárust kærða.

Kært er vegna leiks Haukar/ÍH – Þróttur R sem fram fór í Íslandsmóti 2. flokks karla B, 8. júní s.l. kl. 20.00 að Ásvöllum. Úrslit leiksins 6-5.

Kröfur:

Kærandi gerir kröfu um að leikur liðanna verði dæmdur Haukum tapaður 0-3, lið kærða hafi verið ólöglega skipað.

Kærði mótmælir því að lið kærða hafi verið ólöglega skipað.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi heldur því fram að kærði hafi í leik Hauka/ÍH gegn Þrótti R. Í 2.fl. karla notað ólöglegan leikmann þ.e Ingi Hrafn Traustason leikmann Álftanes. Vísað er til 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Kærði telur að umræddur leikmaður hafi aldrei fengið félagaskipti frá Haukum yfir í Álftanes. Telur leikmanninn því löglegan í öllum þeim leikjum sem Haukar hafa spilað. Gerð er krafa um að KSÍ sendi þeim afrit af félagaskiptum leikmannsins yfir í Álftanes.

KSÍ sendi kærða umbeðin gögn, sem liggja frammi í málinu merkt nr. 3. hér að ofan, þar sem Ingi Hrafn Traustason undirritar félagaskiptabeiðni úr Haukum í Álftanes, dags. 14. febrúar 2008. Keppnisleyfi hans með Álftanes liggur fyrir dags 23. febrúar 2008 frá KSÍ.

III.

Niðurstaða:

Skv. gögnum málsins liggur fyrir að Ingi Hrafn Traustason, kt. 101091-2019, fékk í framhaldi af beiðni um félagaskipti, dags. 14. febrúar 2008 keppnisleyfi með Álftanes 23. febrúar 2008 og er skráður hjá KSÍ í samræmi við það í dag. Af því leiðir að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Um ólöglega skipað lið er fjallað í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í gr. 40.1 segir m.a:

"Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða"..... " Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000.".....

Svo sem að framan er rakið var lið kærða ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 10.000,-

Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnufélagið Þróttur hafa unnið leikinn 0-3 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

IV.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

V.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnufélagið Þróttur telst hafa unnið leik gegn Knattspyrnufélaginu Haukum í Íslandsmóti 2. flokks karla B, sem fram fór 8. júní 2009. kl. 20.00 að Ásvöllum - með markatölunni 0-3. Knattspyrnufélagið Haukar skal greiða sekt að fjárhæð kr. 10.000,- til KSÍ.

Halldór Frímansson

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson